

218.fundur - 26.janúar.2004

218.fundur hreppsnefndar Reykhólahrepps

Endurrit fundargerðar hreppsnefndar frá 26.janúar 2004. Til fundarins var boðað með svofelldri dagskrá:

1) Fjárhagsáætlun Reykhólahrepps fyrir árið 2004
(síðari umræða)

2) Önnur mál.

Fundurinn hófst kl. 15:10. Mættir allir aðalmenn nema Þórður Jónsson. Sveitarstjóri sat einnig fundinn og reit fundargerð.

Samþykkt var að taka eftirfarandi önnur mál á dagskrá:

- a) Kynning á samningi um lán á gripum úr Þjóðminjasafni Íslands (tveir bátar)
- b) Umsögn Breiðafjarðarnefndar um tillögu að matsáætlun Vestfjarðavegar nr. 60, Bjarkalundur – Eyri
- c) Mál fyrir lokaðan fund.

1) Fjárhagsáætlun rædd. Þórður Jónsson mætti kl. 15:30 Samþykkt að lækka framlag til meindýravarna um kr. 300.000 og setja það undir liðinn "fráveitukerfi" vegna seyrulosunar. Samþykkt að segja upp samningi við Gauta Eiríksson um meindýravarnir. Músaeitur verði selt á kostnaðarverði til 1. maí en eftir þann tíma leggist þessi þjónusta af á vegum sveitarfélagsins. Samþykkt hækkun á gjaldskrá samkvæmt tillögu sveitarstjóra en óbreytt fasteignagjöld.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2004 samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Önnur mál:

- a) Kynning á samningi um lán á gripum úr Þjóðminjasafni Íslands (tveir bátar). Samningurinn verður undirritaður af sveitarstjóra og Þjóðminjaverði í Reykjavík föstudaginn 30.janúar.
- b) Umsögn Breiðafjarðarnefndar um tillögu að matsáætlun Vestfjarðavegar nr. 60, Bjarkalundur – Eyri (tilkynning)
- c) Fundinum lokað vegna viðkvæms máls.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:20

Málfríður Vilbergsdóttir
Egill Sigurgeirsson
Gústaf Jökull Ólafsson
Bjarki Stefán Jónsson
Einar Örn Thorlacius (ritar)
Þórður Jónsson